



## Reglur Barnaverndarþjónustu Mið - Norðurlands um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannskostnaðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

### 1. gr.

Barnaverndarþjónusta Mið - Norðurlands er heimilt að veita foreldrum eða öðrum forsjáraðilum og barni 15 ára og eldra fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar vegna málsmeðferðar hjá barnaverndarþjónustu áður en kveðinn er upp úrskurður sbr. 1. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku á fundi umdæmisráðs, þ.e. vinnuframlag til undirbúnings og mætingar á fund umdæmisráðs þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum. Eftir atvikum er veittur styrkur til kynningar á niðurstöðum ráðsins. Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum barnaverndarþjónustu nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns.

### 2. gr.

Barnaverndarþjónusta er jafnframt heimilt að veita aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmannskostnaðar fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála með sömu skilmálum og koma fram í 1. gr. að breyttu breytanda.

Fjárstyrk má einnig veita með sömu skilmálum í þeim tilvikum þar sem barni er skipaður talsmaður sbr. 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga.

### 3. gr.

Fjárstyrkur til greiðslu lögmannskostnaðar er háður því skilyrði að löglærður aðstoðarmaður hafi réttindi til málflutnings fyrir Héraðsdómi eða Hæstarétti.

### 4. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjármenn barna velja sér sjálfir lögmann. Hið sama gildir um barn sem náð hefur 15 ára aldri og er aðili máls sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

### 5. gr.

Beiðni um fjárstyrk skal vera skrifleg og undirrituð. Með beiðni skulu fylgja upplýsingar um eignir og tekjur styrkbeiðanda, s.s. staðfest ljósrit af síðasta skattframtali, afrit af álagningarseðli, yfirlit yfir tekjur og önnur þau gögn er barnaverndarþjónusta kann að kalla eftir. Með beiðni skal fylgja kostnaðaráætlun lögmanns. Hvorki er greiddur kostnaður vegna ferða eða ferðatíma lögmanns. Við lok vinnu skal lögmaður skila sundurliðaðri tímaskýrslu.

Heimilt er að veita styrk þegar efnahag styrkbeiðanda er þannig hátt að kostnaður af gæslu hagsmuna hans yrði honum fyrirsjáanlega ofviða. *Að jafnaði skal ekki veita styrk ef tekjur eru hærri en sem nemur lágmarks atvinnuleysisbótum að meðaltali síðustu sex mánuði. Sé styrkbeiðandi í hjúskap eða sambúð ber að hafa hliðsjón af tekjum maka og skulu samanlagðar tekjur ekki nema hærri upphæð en sem nemur margföldunarstuðlinum 1,6 síðustu sex mánuði samanlagt.*

Þó má veita styrk þótt tekjur séu umfram framangreindar viðmiðunarfjárhæðir í sérstökum undantekningartilfellum, t.d. ef mál er sérstaklega umfangsmikið og flókið, framfærslukostnaður styrkbeiðanda er óvenjulega hár af einhverjum ástæðum, aflahæfi hans eða maka eða sambúðaraðila er verulega skert til frambúðar eða aðrar knýjandi ástæður mæla með því. Fjárhæð styrkjara skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins og skal tekið tillit til efnahags styrkbeiðanda samkvæmt framangreindu þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin.

Viðmiðunargjald<sup>(1)</sup> vegna fjárstyrks miðast við ákveðna fjárhæð á hverja unna klukkustund



lögmanns og er ákveðið af sveitarstjórn að fengnum tillögum sviðsstjóra fjölskyldusviðs og sveitarstjóra.

Að jafnaði skal *ekki veittur fjárstyrkur til greiðslu fleiri en 15 klst.* vegna meðferðar máls fyrir barnaverndarþjónustu og *10 klst.* vegna meðferðar máls fyrir úrskurðanefnd velferðarmála.

#### 6.gr.

Félagsmálastjóri Skagafjarðar tekur ákvörðun um veitingu fjárstyrks í samráði við fagráð um veitingu fjárstyrks á grundvelli 47.gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur þessar. Styrkur er veittur umsækjanda sjálfum sem sér um að greiða þann reikning sem lögmaður aðila gerir.

Hvert aðildarsveitarfélag Barnaverndarþjónustu Mið – Norðurlands um sig greiðir allan kostnað sem hlýst af reglum þessum vegna íbúa með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.

#### 7. gr.

Ákvörðun um fjárhæð styrkjar er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. 6.gr barnaverndarlaga 80/2002.

#### 8.gr.

Reglur þessar skulu kynntar forsjáraðilum barns ef mál þeirra fara fyrir umdæmisráð og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða þá sbr. 40.gr. barnaverndarlaga.

#### 9.gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga og öðlast gildi við staðfestingu sveitarstjórna Fjallabyggðar, Húnabyggðar, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar. Jafnframt falla út gildi eldri reglur fyrrgreindra sveitarfélaga.

Þannig samþykkt af sveitarstjórn Fjallabyggðar dags. 12.apríl 2023, sveitarstjórn Húnabyggðar dags. 11.apríl 2023, sveitarstjórn Húnaþings vestra dags. 13.apríl 2023, sveitarstjórn Skagabyggðar dags. 13.apríl 2023, sveitarstjórn Skagafjarðar dags. 19.apríl 2023 og sveitarstjórn sveitarfélagsins Skagastrandar dags. 5.apríl 2023

---

<sup>iii</sup> 24.300 krónur á klst. 1.janúar 2023 sbr. reglur um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr.

1/2023 <https://www.domstolar.is/domstolasyslan/reglur/Reglur-um-malsvarnarlaun-eda-thoknun-til-verjenda-og-thoknun-til-rettargaeslumanna-o.fl.-nr.-1-2023>



Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands  
Skagfiröingabraut 21  
550 Sauðárkrúkur  
Þjónustuskrifstofur Bláduósi, Fjallabyggð,  
Hvammstanga og Sauðárkrúki.

Aðilar máls sem undirrita þessar reglur:

Fyrir hönd Húnabyggðar: Pétur Bergþór Arason, kt. 270770-4879

Fyrir hönd Húnabyggðar vestra: Unnur Valborg Hilmarsdóttir, kt. 160673-3119

Fyrir hönd Skagabyggðar: Erla Jónsdóttir, kt. 250374-4299

Fyrir hönd Skagafjarðar: Sigfús Ingi Sigfússon, kt. 031175-5349

Fyrir hönd Svf. Skagastrandar: Alexandra Jóhannesdóttir, kt. 070788-2339